

Ná.

424. Neðndarálit

um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Það er öllum ljóst, að árangur vínbannslaga hlýtur að fara mjög mikið eftir því, hversu mikið og ótullegt eftirlit er haft með þeim, og bestu endurbætur

á þeim væru því fólgnar í meira eftirliti. En samt sem áður má ekki heldur lita of smáum angum á það, hvernig lögín sjálf eru úr garði gerð. Og það hefir jafnan þótt galli á bannlögum vorum, að þau væru of lin í ýmsum atriðum og ekki svo smugulaus, sem vera ætti og vera mætti.

Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, á að bæta úr þessu að því er mörg atriði snertir. Undanþágur og smugur er leitast við að byrgja, ljett undir með eftirliti og framkvæmd og refsingar gerðar skarpari, einkum gagnvart þeim, sem brjóta lögín í beinu hagnaðarskyni.

Ein smuga bannlaganna, sem menn hafa jafnan haft illan augastað á, er leyfi læknanna til þess að veita lyfseðla upp á áfengi. Hefir það verið nokkuð takmarkað og bundið reglum, en samt þykir lekinn um þessa smugu vera drýgri en með líkindum væri, ef alt væri með feldu. Frv. fer fram á að takmarka þetta leyfi svo, að allir praktiserandi læknar yrðu útilokaðir frá að gefa vínlyfseðla. Meiri hlutanum þykir þetta nokkuð varhugavert, úr því að nauðsyn áfengis til lækninga er á annað borð viðurkend með því að heimila embættislæknum þessa notkun. Ýmsir praktiserandi læknar hafa miklu meira læknisstarf með höndum en flestir hjeraðslæknar, og oft getur svo viljað til, að í aðkallandi sjúkdómstílfelli, t. d. lungnabólgu, náist ekki til hjeraðslæknis fljótlega, en praktiserandi læknir á staðnum geti snúist fljótar við. Á hinn bóginn er þessi aðgreining í embættislækna og aðra ekki rjett í þessu efni. Það, sem ástæða virðist, samkvæmt reynslunni, til að gera, er að útiloka það, að menn með lækningaleyfi geti svo að segja gert sjer að atvinnu að veita mönnum áfengi, sem kallað er lyf. Heilbrigðisstjórnin, og þá nú landlæknir, virðist sjálfsagður til þess að skera úr, hverjir þurfi á þessu að halda, og eru menn ekki of góðir til þess að afla sjer þessa leyfis einu sinni á ári.

Erfiðleikum veldur það oft talsverðum við eftirlitið með ólöglegri vinsölu, hve mikið er kring um það, að geta framkvæmt húsrannsókn í því skyni. Getur oft verið þörf á því að framkvæma slíka rannsókn skyndilega, t. d. á næturþeli, þegar erfitt er að fá þar um dómsúrskurð. Þó er það rjett, að til þess að slíkar rannsóknir megi gera án dómsúrskurðar, sjeu fyrir hendi sjerstakar ákveðnar ástæður, t. d. að viðkomandi maður hafi beinlínis verið staðinn að samskonar broti áður og fengið dóm, því að það er vissulega óþolandi, að menn, sem að slíku hafa verið staðnir, hafi nokkra vernd á þesskonar ólöglegri atvinnu áfram.

Við 13. gr. vill meiri hlutinn gera tvær breytingar, sem í rauninni skýra sig sjálfar. Það getur verið hart, og jafnvel rekið mann út í frekari þrjósku gegn lögnum, ef hann fær fangelsisrefsingu fyrir að selja t. d. eina flösku af vini með einhverjum ágóða, en frekar að það gæti orðið til gagnlegrar áminningar, er menn vita, hvað við liggur ítrekun brotsins.

Hart virðist og ósanngjarnlegt að láta skipstjóra sæta skilyrðislausri ábyrgð fyrir það, sem um getur í 14. gr.

Þá verður ekki hjá því komist að taka það fram í lögnum, að undanþágan frá 1922 og 1923 sje í gildi, því að öðrum kosti mundu þessi lög, sem eru nýrri löggjöf í þessu efni, útrýma henni, þar sem þau tala skilyrðislaust um öll vin, sem hafa yfir 2¹/₄% áfengi, en það mun ekki hafa verið tilgangur laganna.

Samkvæmt framanskráðu leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 8. gr. 2. Í stað orðanna »og spítalalækna ríkisins« kemur: spítalalækna ríkisins og þeirra lækna annara, er til þess hafa fengið sjerstakt leyfisbrjef frá yfirstjórn heilbrigðismálanna til eins árs í senn.
2. Við 11. gr. Á eftir orðunum »við 12. gr.« kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:
Á eftir fyrstu málsgrein kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:
Nú hefir maður verið staðinn að því með dómi, að hafa brotið lög þessi eins og hermir í næstu málsgrein hjer að framan, og getur þá lögreglustjóri látið gera heimilisrannsókn hjá honum þegar honum þykir ástæða til.
3. Við 13. gr. 2.
 - a. Aftan við fyrri málsgrein bætist: ef brotið er ítrekað.
 - b. Á eftir orðunum »þá varðar það« í síðari málsgrein kemur: auk sekta.
4. Við 14. gr. Orðin í niðurlagi greinarinnar »verði ekki upplýst — — ábyrgð á því« falla burt.
5. Við 17. gr. Á undan »Ákvæði um stundarsakir« kemur ný grein, er verður 18. gr., svo hljóðandi:
Við 23. gr.
Aftan við greinina bætist: nema lög nr. 3, 4. apríl 1923, um undanþágu frá lögum nr. 91, 14. nóv. 1917.

Alþingi, 22. apríl 1924.

Magnús Jónsson,
frsm. meiri hl.

Jörundur Brynjólfsson.

Bernharð Stefánsson.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari.